

Ed.

142. Frumvarp til laga

[115. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

I. KAFLI

1. gr.

Lífeyrissjóður bænda starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Bóndi í þessu sambandi, þ. m. t. aðili að félagsbúi, telst sá er stundar búskap á lögbyli þar sem hann á lögheimili, enda hafi hann náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð eiga bæði rétt á sjóðsaðild ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt eða eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega.

Launþegar er stunda störf við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbyli ef um er að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum, sambúðarkonum eða sambúðarmönnum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila er um ræðir í þessari málsgrein.

Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Ráðherra er fer með málefni lífeyrissjóða skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórn skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn af stjórn Stéttarsambands bænda en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambandi bænda sameiginlega. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um tilnefningu endurskoðanda skal hann tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við aðra aðila um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum, að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánum er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn til ársloka 1985. Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteign.

Heimilt er sjóðstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa o. fl. stofnana er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðstjórn heimilt að víkja frá þessu í byggðarlögum sem Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfa kaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki tryggingafræðingi rannsókn leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því sem á vantar, þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðanda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða hærri iðgjald en sem svarar 4,2% af þreföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 2. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundradshluti af verði til framleiðenda. Hundradshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótfamlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., skulu vera 10% af launum. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvað teljast skuli laun í þessu sambandi. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótfamlag vegna forstöðumanns búsinns og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Aðilar sem taka búvörur bænda til sölu, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 2. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldgreiðslur samkvæmt 1. mgr. Framleiðendur sem selja búvörur sínar án milliliðar til neytenda skulu annast innheimtu mótfamlags samkvæmt 2. mgr. og standa skil á því til sjóðsins ásamt iðgjöldum samkvæmt 1. mgr. samkvæmt fyrirmælum sjóðstjórnar. Nú innheimtist herra iðgjald samkvæmt 1. mgr. en greiða ber og skal þá endurgreiða það sem umfram er eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Gjald dagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Iðgjöld bónda og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns vegna búrekstrar, sbr. 1. mgr. 7. gr., skulu skiptast milli þeirra til helminga. Nái iðgjald þessara sjóðfélaga vegna búrekstrar ekki því hámarki er um getur í 1. mgr. 7. gr. og hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa rétt til lífeyris í þessum sjóði eða öðrum getur sjóðstjórn þó fallist á umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Aldrei getur slík skipting þó leitt til þess að herra iðgjald sé reiknað sjóðfélaga vegna búrekstrar en nemur hámarki iðgjalds einhleyps bónda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. Falli iðgjöld annars niður vegna aldurs, tóku ellilífeyris eða fráfalls skal með sömu takmörkunum reikna hinu iðgjöld vegna búrekstrarins. Verði annar sjóðfélaginn öryrki í þeim mæli sem í 10. gr. segir skal skipting ákveðin á ný í samræmi við orkutap, þó aldrei fyrir en frá byrjun þess árs er úrskurður um orkutap er kveðinn upp.

Að lokinni skiptingu samkvæmt 1. mgr. skulu samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 6 mánaða frá lokum almanaksárs og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaks mánuð fast mánaðar-kaup miðað við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurs-hækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

Stig hvers árs reiknast þannig að deilt skal með viðmiðunarlaunum ársins í 24-föld iðgjöld sjóðfélagans fyrir það árið.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs er taka ellilífeyris hefst. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 0,5 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs um 0,4% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, annað hvort samfleytt undanfarandi 18 mánuði eða undanfarandi þrjú almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. verða hærri en nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, atvinnuleysis eða slæms árferðis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorka óx.

Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess almanaksárs er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum sem af 1. mgr. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarandi 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum í þrjú ár eftir andlátið, enda hafi hjónabandið þá staðið a. m. k. í tvö ár. Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir þó veittur til 18 ára aldurs barnsins án tillits til hjúskapartíma.

Kjörbarn þeirra skapar sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. mgr., enda hafi ósk um aðild að sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. borist sjóðnum a. m. k. einu ári fyrir andlátíð. Nú annast sambúðarmaður eða -kona eða systkini sjóðfélaga heimili hans án þess að vera sjálf sjóðfélagi og er þá stjórn sjóðsins heimilt að verða við skriflegri ósk sjóðfélagans um sams konar rétt hlutaðeigandi manni til handa.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða makalífeyri að hluta eða að fullu að þeim tíma loknum sem tiltekinn er í 1. mgr. ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri eftir 67 ára aldur hins eftirlifandi maka. Aldrei skal makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein þó vera hærri en svo að hann svari til 40 stiga að frádregnum þeim stigum sem hinum eftirlifandi maka hafa sjálfum verið reiknuð. Taka skal á hliðstæðan hátt tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum.

Upphæð fulls makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgreinar 10. gr., en síðan til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri, í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makalífeyrisþeginn gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem undanfarna 6 mánuði hefur greitt iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyri þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 4. mgr. 11. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma sé uppfyllt. Sama gildir ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af öðrum ástæðum en veikindum af starfi, er veitti honum aðgang að sjóðnum, telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, og hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur og öðlast a. m. k. 0,5 stig fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin stig.

14. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda til sjóðfélaga er óheimil nema þegar svo stendur á sem greinir í 5. mgr. 7. gr., sbr. enn fremur ákvæði 15. gr. um flutning milli lífeyrissjóða.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld sem greidd hafa verið hans vegna. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbylum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. Hafi náð 70 ára aldri.
- b. Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.
- c. Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964—1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum veldur það þó ekki réttindamissi, ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

Nú andast maður, sem öðlast hafði rétt til lífeyris samkvæmt 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c-liðar 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði, að hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð, sbr. 2. mgr. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Þá er stjórn

sjóðsins heimilt að veita systkini bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbyli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði eldri laga um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbyli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbylis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbyla.

18. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal viðmiðunarlauna, sbr. 2. mgr. 8. gr., næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættum 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu árána, ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést, og verið yngri en 67 ára, skal við ákvörðun hundraðhluta makalífeyris auk réttindatíma samkvæmt 3. mgr. 17. gr. taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt 9.–11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. mgr. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. og 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður auk réttindatíma sem bóndi jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð, sem hvor aðili hefði greitt, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhugun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu er nema 1/4 viðmiðunarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en 3/4 skal hann felldur niður með öllu.

19. gr.

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. og 18. gr. greitt að 37,5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62,5% úr ríkissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

20. gr.

Peir bændur sem telja sig eiga rétt til lífeyris samkvæmt 18. gr. skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar er sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

Skylt er þeim, er nýtur lífeyris samkvæmt 18. gr. sem kvæntur bóndi, að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðarmaður eða -kona fellur frá ellegar hjúskap eða óvígðri sambúð er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

III. KAFLI

21. gr.

Skylt er sjóðfélaga að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðstjórn krafist dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 7. gr. ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess að tilkynning um hjúskap hefur ekki borist henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

Upphaf sjóðsaðildar vegna óvígðrar sambúðar og skyldur þær og réttindi samkvæmt I. kafla er af henni leiða miðast við þann tíma er skrifleg ósk beggja aðila hefur borist sjóðstjórn. Úrganga úr sjóðnum vegna slita á óvígðri sambúð og brottfall slíkra réttinda og skyldna er af því leiða miðast við þann tíma er skrifleg tilkynning annars sambúðaraðila um sambúðarslitin berst sjóðstjórn.

22. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða lífeyri sjaldnar en mánaðarlega, en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

23. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

24. gr.

Árin 1984 og 1985 skal lífeyrir, bæði samkvæmt I. og II. kafla hvort ár fyrir sig, miðast við viðmiðunarlaun undanfarandi 5 almanaksára.

25. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla ef sjóðurinn er talinn þess megnugur með hliðsjón annars vegar af kaupgjaldspróun og hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna hans.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun viðmiðunarlauna samkvæmt 8. gr. frá því sem þau voru á því tímabili er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við, en hins vegar af ávöxtun og verðtryggingu eigna og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingurinn hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á viðmiðunarlaunum. Lækki viðmiðunarlaun skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. mgr.

26. gr.

Stig, sem sjóðfélagar hafa áunnið sér til ársloka 1983 og miðuð eru við grundvallarlaun sjóðsins eins og þau hafa verið til þess tíma samkvæmt eldri lögum, skulu umreiknuð í stig samkvæmt 3. mgr. 8. gr. þannig, að hvert stig samkvæmt eldri lögum jafngildi $1 \frac{1}{3}$ stigi samkvæmt lögum þessum. Hundradshlutar þeir sem réttindi samkvæmt II. kafla miðast við, sbr. 1. mgr. 18. gr., skulu breytast í sama hlutfalli.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga þau ár sem hjónabandið eða sambúðin hefur staðið fram til ársloka 1983 skipt að jöfnu, sbr. þó 5. mgr.

Um lífeyrisgreiðslur samkvæmt I. kafla fram til ársloka 1983 fer eftir eldri lögum. Þeir sem njóta lífeyris í árslok 1983 skulu frá 1. janúar 1984 taka lífeyri samkvæmt lögum þessum, nema þeir eigi betri rétt samkvæmt eldri lögum.

Falli sjóðfélagi frá eftir árslok 1983 helst réttur til makalífeyris samkvæmt 11. gr. laga nr. 101/1970, sbr. lög nr. 67/1974, vegna stiga sem áunnin hafa verið til ársloka 1983, að því leyti sem hann er betri en réttur samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 5. mgr. Slíkur réttur skal þó einungis miðast við áunnin stig án framreiknings.

Nú óskar bóndi, sem fæddur er árið 1915 eða síðar, eftir skiptingu réttinda, sem áunnin eru fyrir árslok 1983, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. og miðað við þann tíma er hjúskapur eða sambúð hefur staðið, sbr. síðasta málslið 1. mgr. 7. gr., og skal þá orðið við slíkri ósk, enda berist hún stjórn sjóðsins ásamt samþykki maka eða sambúðaraðila fyrir árslok 1984. Það er enn fremur skilyrði fyrir slíkri skiptingu, að taka lífeyris samkvæmt ákvæðum eldri laga hafi ekki átt sér stað. Við skiptinguna fellur niður réttur sá sem nefndur er í 4. mgr. og skiptingin veitir ekki rétt til lífeyris vegna orkutaps eða fráfalls sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1983.

27. gr.

Um skipulag sjóðsins og starfsemi má kveða nánar á í reglugerð er ráðherra sem fer með málefni lífeyrissjóða setur að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, svo og lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980, lög nr. 84/1980 og lög nr. 100/1982, um breyting á þeim lögum.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

Árið 1984 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að í stað þess að reiknast af viðmiðunarlaunum árunna

1979—1983, sbr. 1. mgr. 18. gr. og 24. gr., miðist lífeyrir frá 1. janúar 1984 við 80,1% af þágildandi viðmiðunarlaunum. Hinn 1. júlí 1984 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla skal reiknaður á sama hátt, þó þannig, að miðist lífeyrir við fleiri stig en 40 verði einungis sá lífeyrir er svarar til 40 stiga reiknaður á þennan hátt, en um afganginn fari eftir ákvæðum 24. og 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar á árinu 1984, sem greidd er lífeyrisþegum er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í september 1982 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að fjalla um endurskoðun á lögum um lífeyrissjóð bænda. Skyldi nefndin sérstaklega gera tillögur til breytinga á þeim reglum er fjalla um lífeyrisrétt hjóna og sambúðarfólks. Í nefndinni áttu sæti þeir Árni Kolbeinsson, Bjarni Þórðarson, Guðjón Hansen og Gunnar Guðbjartsson. Tilefnið að skipun nefndarinnar var umfjöllun kjörmannafunda, aðalfundar og stjórnar Stéttarsambands bænda á árinu 1981 um breytingar á lífeyrissjóðslögunum. Samþykkti aðalfundur Stéttarsambandsins árið 1981 ályktun um þetta efni og hinn 5. nóvember það ár samþykkti stjórn sambandsins ályktun mjög svipaðs efnis. Í þessum ályktunum er talið að þrjú atriði laganna þarfnist endurskoðunar eða nánari könnunar. Í fyrsta lagi skuli mökum bænda tryggð sjálfstæð aðild að sjóðnum, þannig að lífeyrisréttur hjóna verði jafn. Í öðru lagi þurfi að kanna möguleika á skylduadild launþega í landbúnaði að sjóðnum. Í þriðja lagi verði athuguð hvort tímabært sé að lækka aldursmarkið til töku lífeyris úr sjóðnum.

Nefndin fjallaði um öll þau atriði í lögum um lífeyrissjóð bænda sem að framan getur. Ljóst varð og að ýmis önnur atriði laganna þörfnuðust endurskoðunar vegna breyttra aðstæðna og breyttrar almennrar löggjafar um lífeyrismál. Varð niðurstaðan sú í nefndinni að stefnt skyldi að heildarendurskoðun laganna. Skilaði nefndin tillögum sínum í júlímánuði 1983 og er frumvarp þetta byggt á þeim.

Meginatriði frumvarpsins.

1. Sjálfstæður lífeyrisréttur maka bænda og aukinn réttur hjóna.

Í frumvarpinu er lagt til að hjón verði hvort um sig sjálfstæðir sjóðfélagar og öðlist þannig sjálfstæðan rétt til elli- og örorkulífeyris og eftirlifendur þeirra til maka- og barnalífeyris. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að iðgjöld bónda og maka hans skiptist milli þeirra til helminga (1. mgr. 8. gr.). Sama gildir um skiptingu iðgjalda milli bónda og sambýlings hans ef uppfyllt eru nánari skilyrði um sambúðina (1. mgr. 2. gr.) og skrifleg ósk um aðild sambýlingsins berst sjóðstjórn. Samhliða þessu er lagt til að iðgjaldahámark bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð sé samtals fyrir hjónin bæði jafnt tvöföldu iðgjaldahámarki einhleyps bónda (2. mgr. 7. gr.) í stað þess að hámarkið er nú 50% hærra fyrir bændur í hjúskap. Jafnframt er lagt til að fellt verði niður ákvæði 3. mgr. 8. gr. núgildandi laga þess efnis að iðgjaldagreiðslur umfram tiltekið mark er svarar til framleiðslu meðalbús veiti einungis skert réttindi. Stjórn sjóðsins getur samþykkt frávik frá reglunni um jafna skiptingu iðgjalda milli hjóna ef annað hjóna hefur atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa sjálfstæðan lífeyrisrétt, en aldrei má slíkt frávik þó valda því að öðru hjóna séu reiknuð hærri iðgjöld en nemur hámarki fyrir einhleypan bónda. Með þessum ákvæðum er að því stefnt að réttindin skiptist jafnt milli hjóna. Ekki er hins vegar gert ráð

fyrir að hróflað verði við þegar áunnum réttindum og haldast þau á nafni bóndans eins. Við skilnað eða sambúðarslit heldur maki sjóðfélaga að sjálfsögðu núverandi rétti til jafnrar skiptingar stiga, áunninna samkvæmt nógildandi reglum. Þá er gert ráð fyrir að maki haldi rétti sínum til makalífeyris eftir nógildandi reglum vegna áunninna stiga fram til ársloka 1983, en þó án framreiknings. Ætla má að sjóðfélögum fjölgi frá því sem nú er um 70—75% við sjálfstæða aðild maka að sjóðnum.

2. Breyttar reglur um makalífeyri.

Sjálfstæð aðild maka og sambúðaraðila bænda að lífeyrissjóði breytir viðhorfum til þess afleidda makalífeyrisréttar sem um er fjallað í 11. gr. nógildandi laga, enda er þess að vænta að hin almenna þróun í þjóðfélaginu til aukinnar hlutdeildar beggja hjóna í atvinnulífinu muni leiða til þess að réttur til makalífeyris hjá lífeyrissjóðum almennt verði á næstu árum skertur nokkuð. Samkvæmt frumvarpinu er réttur til makalífeyris almennt bundinn við fyrstu þrjú ár eftir andlát sjóðfélaga, enda hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarna 18 mánuði og hjónabandið staðið í tvö ár eða lengur. Er hér um verulega styttingu á tímabili makalífeyrisgreiðslna að ræða frá nógildandi ákvæðum, en samkvæmt þeim er réttur til makalífeyris ekki bundinn neinum tímamörkum frá andláti sjóðfélaga. Frá reglunni um að makalífeyrisgreiðslur standi ekki lengur en þrjú ár frá andláti hins skammlífara er gert ráð fyrir tveimur undantekningum. Annars vegar skal makalífeyrir veittur til 18 ára aldurs sameiginlegs barns hins látna sjóðfélaga og makalífeyrisþega án tillits til hjúskapartíma og hins vegar er opnuð heimild fyrir sjóðstjórn til að greiða makalífeyri eftir hið almenna þriggja ára tímabil ef hið eftirlifandi skortir 50% eða meira á fulla starfsorku eða er orðið 67 ára að aldri.

3. Stigagrundvöllur.

Hjá lífeyrissjóðum, sem nota stigaútreikning til að ákvarða lífeyrisréttindi sjóðfélaga, hafa svonefnd grundvallarlaun það hlutverk að vera mælikvarði á réttindi sem iðgjöld hvers árs veita. Enn fremur er gert ráð fyrir að við breytingar á lífeyrisfjárhæðum sé tekið mið af breytingum á grundvallarlaunum.

Í gildandi lögum um Lífeyrissjóð bænda er ákveðið að grundvallarlaun sjóðsins skuli reiknuð fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Skulu grundvallarlaunin nema samanlögðu dagvinnukaupi bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættu 10—20% álagi.

Óhjákvæmilegt er að endurskoða stigagrundvöllinn. Samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju er ekki lengur tilgreint í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, heldur er nú talin í einu lagi vinna bónda og fjölskyldu hans og aðkeypt vinna. Þá hefur stóraukin verðbólga valdið því að sú aðferð að ákveða grundvallarlaun fyrirfram einu sinni á ári er orðin afar ónákvæm. Aðrir lífeyrissjóðir, sem nota stigagrundvöll, munu nær undantekningarlaus reikna grundvallarlaun mánaðarlega.

Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er lagt til að stigagrundvöllur sjóðsins verði framvegis miðaður við fast mánaðarkaup samkvæmt næstlægsta taxa Dagsbrúnar og fulla starfsaldurs-hækkun. Eru þetta sömu grundvallarlaunin og við er miðað í lögnum um eftirlaun til aldraðra. Fullnægja þau þeirri kröfu að vera allskýr og ótvíræð, jafnframt því að breytast reglulega í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um umreikning eldri stiga til hins nýja kerfis. Samkvæmt því samsvarar hvert stig samkvæmt nógildandi ákvæðum $1\frac{1}{3}$ stigi samkvæmt frumvarpinu. Er þetta hlutfall í samræmi við það sem var á árunum 1978—1982.

4. Sjóðsaðild launþega í landbúnaði.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur samkvæmt 3. mgr. 2. gr. gildandi laga heimild til að taka launþega í landbúnaði í tölu sjóðfélaga. Hins vegar er samkvæmt gildandi lögum hvorki um að ræða skyldu sjóðsins til að veita launþegum viðtöku né skyldu launþega í landbúnaði til aðildar að sjóðnum. Líkur benda til að misbrestur sé nú á að fullnægt sé tryggingarskyldu launþega í landbúnaði samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980. Mundu ákveðnari reglur um aðild þessara manna að tilteknum sjóði auðvelda allt eftirlit með því að skyldunni væri fullnægt. Gert var úrtak bænda úr sjóðfélagaskrá Lífeyrissjóðs bænda og kannað hverjir hefðu haft launþega í þjónustu sinni, hver væri aldur launþeganna, vinnuvikufjöldi og laun. Í ljós kom að um 40% þeirra bænda er í úrtakinu lentu höfðu greitt laun á árinu 1981. Fjöldi launþega var 1,8 á hvern launagreiðanda að meðaltali en 0,75 á hvern bónda í úrtakinu. Meðalvinnuvikufjöldi hvers launþega reyndist vera rúmlega 10. Yfirgnæfandi meirihluti launþega var ungur að árum. Voru 14% þeirra yngri en 16 ára og 50% á aldursbilinu 16—24 ára og 36% 25 ára og eldri. Þó að úrtak það sem unnið var úr væri lítið og ekki vandlega valið má ætla að könnunin bendi til þess að

- aldursskipting launþega í landbúnaði sé mjög hagstæð frá sjónarmiði lífeyrissjóðs,
- skylduaðild launþega í landbúnaði mundi leiða til um 60—70% fjölgunar sjóðfélaga frá því sem nú er,
- flestir hinna nýju sjóðfélaga myndu ávinna sér tiltölulega lítill lífeyrisréttindi vegna stutts starfstíma í landbúnaði.

Stærsti vandinn við skylduaðild launþega í landbúnaði er eflaust tengdur innheimtu iðgjalda og eftirliti með því að aðildarskyldu að sjóðnum sé fullnægt. Þessi vandir er þó þegar fyrir hendi varðandi þessa launþega og er engin ástæða til að ætla að Lífeyrissjóður bænda sé vandanum síður vaxinn en aðrir þeir lífeyrissjóðir sem þyrftu að takast á við hann ef skylduaðild launþega í landbúnaði að Lífeyrissjóði bænda verður ekki lögbundin. Því er lagt til í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins að upp verði tekin skylduaðild launþega í landbúnaði að sjóðnum. Þessi skylduaðild er þó háð því að launþeginn eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Þrátt fyrir þvflíka skipan er þó engan veginn tryggt að skil verði á iðgjöldum til lífeyrissjóðs fyrir alla launþega í landbúnaði, og er það hluti af þeim almenna vanda sem er á framkvæmd ákvæða laga nr. 55/1980, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

5. Áhrif frumvarpsins á fjárhag sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að fjárhagsleg áhrif þeirra breytinga sem í frumvarpinu felast verði þau að iðgjöld og framlög til sjóðsins hækki um því sem næst 12% og framtíðarskuldbindingar vaxi um sama hundraðshluta. Tekjuaukningin stafar annars vegar af því að tekjumörk þau, sem iðgjaldsskylda miðast við, hækka, og er áætlað að sú breyting valdi um 7% hækkun heildarfjárhæðar iðgjalda og framlaga. Hins vegar er um að ræða beina almenna iðgjaldahækkun til að vega á móti aukningu skuldbindinga, og er sú hækkun talin nema um 5%. Aukningu skuldbindinga má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er talið að afnám skerðingar, sem átt hefur sér stað á réttindum þeirra sem ávinna sér meira en eitt stig á ári samkvæmt núgildandi lögum, auki skuldbindingar um 9—10%. Í öðru lagi veldur hækkun áður nefndra tekjumarka um 7% aukningu skuldbindinga. Í þriðja lagi eru breytingar á bótaákvæðum, aðrar en afnám nefndrar skerðingar, taldar hafa í för með sér um 4% heildarlækkun skuldbindinga. Útgjöld til makalífeyris lækka, en skipting stiga milli hjóna og sambúðarfólks ásamt lengri meðalævi kvenna en karla valda aukningu skuldbindinga, og einnig munu útgjöld til barnalífeyris vaxa.

Samkvæmt framanrituðu hefur verið leitast við að halda fjárhagsgrundvelli sjóðsins í horfinu með tilliti til þeirrar aukningar skuldbindinga er samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér. Hins vegar hefur ekki verið lagt heildarmat á fjárhagsstöðu né fjárhagshorfur fyrir og eftir breytinguna.

6. Önnur atriði.

Auk framangreindra atriða eru í frumvarpinu gerðar tillögur um fjölmargar veigaminni breytingar. Meðal þeirra má nefna breytt ákvæði um endurskoðun reikninga sjóðsins, takmörkun á heimild til endurgreiðslu iðgjalda og breytingar á nokkrum ákvæðum II. kafla. Um þessar og aðrar hliðstæðar breytingartillögur vísast til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir. Við undirbúning frumvarpsins var einnig fjallað um ýmis atriði sem ekki þykir rétt að leggja til að lögfest verði, a. m. k. ekki á þessu stigi. Meðal þeirra atriða sem hagsmunasamtök bænda töldu að kanna þyrfti var lækkun ellilífeyrisaldurs. Slíkar breytingar myndu hafa afar mikil áhrif á skuldbindingar sjóðsins. Niðurstöður útreikninga á þessum þætti fara að sjálfsögðu eftir því, við hvaða forsendur er miðað varðandi reikningsgrundvöll (ávöxtun og lífslíkur), inngöngualdur og dreifingu tekna á starfsævina. Miðað við 30 ára inngöngualdur í sjóðinn, jafna dreifingu tekna á starfsævina og 2% raunávöxtun lífeyris-sjóðsins, má reikna með að skuldbindingar vegna ellilífeyris myndu aukast um eftirfarandi hundradshluta við lækkun ellilífeyrisaldurs:

Við lækkun úr 67 árum í 65 ár, 18%

Við lækkun úr 67 árum í 60 ár, 70%.

Hér er um lauslegan útreikning að ræða. Við það er miðað, að engar takmarkanir séu á heimild manna til að taka lífeyri frá hinum tilgreinda aldri og menn notfæri sér rétt sinn. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að lífeyrir miðist við áunninn rétt án sérstakrar skerðingar vegna þess að hann er tekinn frá lægri aldri en áður, svo og að lífeyrir taki breytingum í samræmi við breytingar á grundvallarlaunum sjóðsins, þ. e. sé „verðtryggður“ að fullu.

Til að standa undir þessum útgjaldaauka þyrfti til að koma mjög veruleg iðgjaldahækkun. Eins og fram kemur í lið 5 hér að framan leiða þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögunum til allt að 12% hækkunar tekna og skuldbindinga sjóðsins. Sýnast ekki efni til enn frekari hækkana. Er því ekki gerðar tillögur um lækkun ellilífeyrisaldurs í frumvarpinu.

Annað atriði sem ekki er tekið á í frumvarpinu er verðtrygging lífeyrisgreiðslna. Í frumvarpinu er, eins og í gildandi lögum, kveðið á um að fjárhæð lífeyris miðist við meðaltal viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst en sjóðstjórn hins vegar veitt heimild til greiðslu uppbóta á lífeyri með hliðsjón af kaupgjaldspróun annars vegar ogávöxtun og verðtryggingu eigna sjóðsins hins vegar. Þessar reglur hafa í reynd vikið fyrir tímabundnum ákvæðum um verðtryggingu lífeyris til ársloka 1984. Vissulega væri æskilegt að geta kveðið fastar á um greiðslu slíkra verðbóta til frambúðar en gert er í frumvarpinu. Á þessari stundu verður þó að teljast hæpið að fastbinda slíkar reglur í lög varðandi Lífeyrissjóð bænda. Í þeim efnum er eflaust farsælust að staldra við og sjá hver fjárhagsgeta sjóðsins verður og einnig hver þróunin verður í þessum efnum hjá lífeyrissjóðum almennt.

Loks skal á það bent að í II. kafla laganna er ekki að finna neina framtíðarlausn á fjármögnun lífeyrisgreiðslna til þeirra bænda sem skiluðu miklum hluta starfsævi sinnar fyrir stofnun lífeyrissjóðsins. Er ákvæði þess kafla að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Verður að leysa þessi mál í tengslum við almenna lausn á lífeyrismálum þessa aldurshóps þjóðfélagsþegna. Sýnist óhjákvæmilegt að löggjafinn finni lausn á þessum vanda fyrir árslok 1984, sbr. athugasemdir við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

7. Dæmi um áhrif á iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og lífeyrisréttindi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðmiðunarlaun fylgi kauptaxtabreytingum, í stað þess að ákvarðast fyrirfram hvert haust fyrir næsta almanaksár með hliðsjón af væntanlegri kaupgjaldspróun og innan þeirra marka sem löggin heimila. Þessi breyting hefur í för með sér að samanburður á iðgjaldagreiðslum og áunnum réttindum samkvæmt núgildandi lögum annars vegar og frumvarpinu hins vegar markast að nokkru af því hver verðbólgan er á

hverjum tíma. Eftirfarandi samburður miðast við fjárhæðir árið 1983, og er tekið tillit til lögbundinnar 4% hækkunar launa 1. október.

	Núg. lög kr.	Frumvarp kr.
Grundvallar- eða viðmiðunarlaun	162 492	119 565
Hámarksíðgjald:		
Einhleypur sjóðfélagi	6 500	7 533
Hjón	9 749	15 065

Í eftirfarandi töflu eru sýnd dæmi um iðgjöld sjóðfélaga og réttindi reiknuð í stigum miðað við mismunandi framleiðsluverðmæti.

Framleiðslu- verðmæti	Núgildandi lög				Frumvarp			
	Einhleypur bóndi		Hjón		Einhleypur bóndi		Hjón	
	Iðgj.	Stig	Iðgj.	Stig	Iðgj.	Stig	Iðgj.	Stig
400 000	4 760	0,732	4 760	0,732	5 000	1,004	5 000	1,004
700 000	6 500	1,000	8 330	1,113	7 533	1,512	8 750	1,756
1 000 000	6 500	1,000	9 749	1,200	7 533	1,512	12 500	2,509
1 300 000	6 500	1,000	9 749	1,200	7 533	1,512	15 065	3,024

Eins og áður er sagt er gert ráð fyrir því sem meginreglu að stig hjóna samkvæmt aftasta dálki töflunnar skiptist til helminga milli þeirra.

Við umreikning samkvæmt 1. mgr. 26. gr. frumvarpsins er hvert stig samkvæmt núgildandi lögum talið jafnvirði $1\frac{1}{3}$ stigs samkvæmt frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi, sem er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga, þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði tvær þýðingarmiklar breytingar varðandi aðildarskyldu að sjóðnum. Annars vegar er í 1. mgr. lagt til að makar bænda og sambúðaraðilar verði sjálfstæðir sjóðfélagar og hins vegar er í 2. mgr. lagt til að launþegum í landbúnaði verði skylt að eiga aðild að sjóðnum.

Rökin að baki sjálfstæðri sjóðsaðild maka bænda eru þau að almennt ganga hjón bæði til verka á búinu og því er edlilegt að hvort um sig öðlist sjálfstæðan lífeyrisrétt vegna þeirrar vinnu sinnar. Er sú skipan einnig í besta samræmi við ákvæði laga nr. 55/1980 um skyldu allra þeirra sem stunda launuð störf, atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi til aðildar að lífeyrissjóði. Þá ganga óskir hagsmunasamtaka bænda og í þessa átt eins og rakið er í almennum athugasemdum. Hin sjálfstæða sjóðsaðild maka og sambúðarfólks hefur víðtæk áhrif á önnur ákvæði frumvarpsins. Vísast um það efni til almennra athugasemda sem og athugasemda við einstakar greinar, t. d. 7., 8., 11., 21. og 26. gr.

Í 1. mgr. er sambúðarmönnum og sambúðarkonum bænda veittur hliðstæður réttur til sjóðsaðildar og mökum bænda. Þessi réttur er þó háður því að skrifleg ósk beggja berist um það og að uppfyllt séu skilyrði um varanleika sambúðarinnar. Eru þau skilyrði að mestu leyti hliðstæð skilyrðum almannatryggingalaga og skattalaga varðandi réttindi og skyldur sambúðarfólks. Auk þeirra skilyrða sem beinlínis eru orðuð í greininni felst í orðalaginu að ekki getur komið til sjóðsaðildar sambúðarfólks nema um sé að ræða sambúð milli karls og konu sem hvorugt er gift fyrir.

Um rök fyrir skylduáðild launþega í landbúnaði að sjóðnum samkvæmt 2. mgr. vísast til almennra athugasemda hér að framan. Ekki kemur þó til aðildar launþega í landbúnaði að Lífeyrissjóði bænda ef þeir eiga sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Gæti slíkt t. d. átt við um starfsmenn á ríkisbúum sem uppfylla aðildarskilyrði laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins svo og um launþega á búum sem taka laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags á svæðinu og eiga því skylduáðild að lífeyrissjóði þess.

Í 3. mgr. er felld niður heimild sjóðstjórnar til að veita undanþágu frá sjóðsaðild bændum sem jafnframt eru sjóðsfélagar í öðrum lífeyrissjóði og hafa meirihluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu. Þá er mökum eða sambúðaraðilum þeirra bænda sem um ræðir í málsgreininni opnuð leið til aðildar að sjóðnum. Slík aðild er þó háð heimild sjóðstjórnar. Sjóðstjórn verður því að meta það í hverju tilviki hvort maki sjóðsaðila samkvæmt 3. mgr. gangi með þeim hætti til verka á búinu að eðlilegt sé að jafna því, hvað sjóðsaðild varðar, til starfa maka bónda er býr á lögbýli.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða nógildandi ákvæði en þó er gert ráð fyrir formlegri skipan stjórnar. Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarps þessa leiði til breytinga á starfstíma núverandi sjóðstjórnar.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að reikningar sjóðsins skuli endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda auk þess að vera endurskoðaðir af tveimur „félagslegum“ endurskoðendum. Almenn er gerð sú krafa til lífeyrissjóða að löggiltur endurskoðandi endurskoði reikninga þeirra. Þykir rétt að gera sömu kröfur til Lífeyrissjóðs bænda.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 5. og 6. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er í samræmi við ofanritað kveðið á um hækkun iðgjalda sjóðfélaga vegna búrekstrar. Annars vegar felst þessi aukning í hækkun þess hlutfalls sem innheimt er af búvöruverði til framleiðanda upp í 1,25% af stofni, en þetta hlutfall hefur verið nálægt 1,20% á undanförunum árum. Er auk þess lagt til að hlutfallið verði fastbundið í lögum, en samkvæmt gildandi ákvæðum skal það ákveðið fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Hins vegar fást auknar tekjur af iðgjöldum með hækkun árlegs iðgjaldahámarks vegna bænda í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra. Þetta árlega hámark hækkar úr því að samsvara hálfri annarri hámarksfjárhæð einhleypings samkvæmt gildandi lögum í það að samsvara tvöfaldri hámarksfjárhæð einhleypings samkvæmt frumvarpinu. Aðrar breytingar á 1. mgr. leiða af breytingu á viðmiðunarlaunum og vísast um þær til athugasemda við 8. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um fjárhæð framlags til lífeyrissjóðs í formi gjalds á búvörur sem kemur sem mótframlag við iðgjöld sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. Ættu ákvæði þessi að leiða til samsvarandi hækkunar á heildarfjárhæð mótframlagsins og nemur heildarhækkun iðgjaldatekna samkvæmt 1. mgr. eða því sem næst til 12% hækkunar, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Hækkun lágmarksfjárhæðar mótframlagsins samkvæmt niðurlagi 2. mgr. nemur nokkurn veginn sama hundraðshluta og mun það leiða til um 0,17% hækkunar á búvöruverði miðað við óniðurgreitt heildsöluverð.

Í 3. mgr. er sjóðfélögum vegna búrekstrar og mökum þeirra gert skylt að greiða í sjóðinn iðgjöld vegna atvinnutekna af öðru en búvöruframleiðslu enda veiti þessi störf ekki

sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Samkvæmt gildandi lögum um Lífeyrissjóð bænda er hér einungis um heimild að ræða en það ákvæði samrýmist varla lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þá er lagt til að iðgjöld samkvæmt þessari málsgrein sæti ekki hámarki því er gildir um iðgjöld vegna búrekstrar samkvæmt 1. mgr.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við gildandi lög. Þá er skotið inn ákvæði varðandi búrekstur lögaðila. Ef búskapur er rekinn af hlutafélagi, samvinnufélagi, opinberum aðila eða annarri lögpersónu og enginn af forstöðumönnum búsinns telst bóndi í merkingu 1. mgr. þessarar greinar þykir sanngjarnt við ákvörðun mótframlags atvinnurekenda samkvæmt þessari málsgrein að taka nokkurt tillit til gjalds þess sem tekið er af búvörum samkvæmt 2. mgr.

Ákvæði 5.—7. mgr. eru að mestu í samræmi við gildandi lög.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skiptingu á iðgjöldum kvæntra sjóðfélaga vegna búrekstrar. Er meginreglan sú að iðgjöld skuli skiptast til helminga milli bóndans og maka hans, sambúðarmanns eða sambúðarkonu. Frá þessari meginreglu getur sjóðstjórn vikið samkvæmt umsókn sjóðfélaga ef annað hjóna hefur atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa lífeyrisrétt. Þar sem þessi fráviksheimild má aldrei leiða til þess að herra iðgjald sé reiknað öðrum maka vegna búrekstrar en nemur hámarki iðgjalds fyrir einhleyping samkvæmt 1. mgr. 7. gr. hefur fráviksheimildin ekki þýðingu fyrir stór bú. Þá eru í málsgreininni sérákvæði um iðgjaldskiptingu ef annar makinn verður öryrki svo og um hvernig með skuli fara ef iðgjöld annars falla niður vegna aldurs, töku ellilífeyris eða fráfalls.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lagt til að upp verði tekinn nýr grundvöllur við útreikning stiga sjóðfélaga en í 26. gr. er að finna ákvæði um tengsl þessa nýja grundvallar við hinn eldri. Um ástæður fyrir breytingu á stigagrundvöllinum vísast til almennra athugasemda. Lagt er til að upp verði tekin viðmiðun við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Er það sama viðmiðun og notuð er í lögum um eftirlaun til aldraðra og í reglugerðum margra lífeyrissjóða. Þá er gert ráð fyrir að niður verði fellt það ákvæði sem nú er í 4. mgr. 8. gr., enda hefur því aldrei verið beitt í framkvæmd. Ákvæði 4.—6. mgr. samsvara 5.—7. mgr. gildandi laga. Samkvæmt 5. mgr. eru stig nú reiknuð þannig að deilt er með grundvallarlaunum sjóðsins í 25-föld iðgjöld sjóðfélaga, en samkvæmt 4. mgr. frumvarpsins skal deilt með viðmiðunarlaunum í 24-föld iðgjöld. Af þessari reiknireglu leiðir að hámarksstigafjöldi einstaklings á ári verður 1,512 stig, en til þess að 4,2% iðgjald af hálfum öðrum viðmiðunarlaunum, sbr. 1. mgr. 7. gr., gæfi nákvæmlega 1,5 stig á ári þyrfti margfaldarinn að vera 23,81.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að rýmkuð verði verulega ákvæði um þann lágmarksgreiðslutíma iðgjalda og lágmarksstigafjölda sem veitir rétt til ellilífeyris úr sjóðnum. Er lagt til að í stað kröfu um greiðslu til sjóðsins í 5 almanaksár og um a. m. k. 3 stiga réttindi komi krafa um greiðslu í 12 mánuði og réttindi er nema a. m. k. 0,5 stigum. eru þessar tillögur í samræmi við þá þróun sem almennt hefur orðið hjá lífeyrissjóðum hér á landi, þar sem biðtími hefur verið að styttest, og hafa biðtímaákvæði jafnvel verið felld alveg niður hjá sumum sjóðum. Að öðru leyti eru ekki gerðar tillögur til breytinga á 9. gr. frá gildandi ákvæðum.

Um 10. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um róttækar breytingar á rétti til örorkulífeyris úr sjóðnum. Greinin er því að mestu samhljóða 10. gr. gildandi laga. Rétt er þó að vekja athygli á eftirfarandi tillögum: Lagt er til að réttur til örorkulífeyris verði bundinn því að sjóðfélagi

hafi annað hvort greitt iðgjöld til sjóðsins samfleytt undanfarandi 18 mánuði eða að hann hafi greitt til sjóðsins á undanförunum þremur árum og í a. m. k. 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum. Samkvæmt gildandi lögum er rétturinn bundinn við greiðslu iðgjalda til sjóðsins undanfarandi 18 mánuði.

Gildandi ákvæði eru bersýnilega miðuð eingöngu við hagi bænda en með vaxandi fjölda launþega í sjóðnum þykir nauðsynlegt að miða skilyrði fyrir örorkulífeyri einnig við þeirra aðstæður.

Þá er í samræmi við gildandi ákvæði kveðið á um að örorkumat skuli aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf en því bætt við að þessa viðmiðun skuli þó einungis nota fyrstu þrjú árin. Eftir þann tíma þykir eðlilegra að miða mat örorkunnar við almennari mælikvarða.

Loks eru tekin af tvímæli um að við beitingu þeirrar reglu, að örorkulífeyrir skuli aldrei fara fram úr þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, skuli litið til alls þess lífeyris sem af örorkunni leiðir, þ. e. samanlagðs lífeyris samkvæmt 10. gr. og 3. mgr. 12. gr.

Um 11. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan eru gerðar tillögur um röttækar breytingar á ákvæðum laganna um makalífeyrisrétt.

Í stað ótímabundins réttar til makalífeyris er lagt til að makalífeyrir verði almennt bundinn við þrjú ár eftir andlát sjóðfélaga. Sá lágmarkstími hjúskapar sem skapað getur makalífeyrisrétt er hins vegar stytur úr fimm árum í tvö.

Við tvenns konar aðstæður er gert ráð fyrir að makalífeyrisgreiðslur geti staðið lengur en þrjú ár eftir andlát sjóðfélaga. Eigi hinn látni sjóðfélagi og eftirlifandi maki barn saman skal makalífeyrir greiddur til 18 ára aldurs barnsins. Í þessum tilvikum er gert ráð fyrir að makalífeyrir sé greiddur án tillits til hjúskapartíma og er það í samræmi við gildandi lög. Skorti eftirlifandi maka 50% eða meira á þessa starfsorku eða sé hann orðinn 67 ára að aldri getur sjóðstjórn ákveðið að halda áfram eða hefja að nýju greiðslu makalífeyris eða hluta hans að loknu hinu almenna þriggja ára tímabili. Þessar greiðslur sæta þó lögbundnu hámarki, sbr. 3. mgr.

Sambýlingur hins látna sjóðfélaga á sama rétt og maki hans ef hann fullnægir aðildarskilyrðum að sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og ósk um sjóðsáild hefur borist a. m. k. einu ári fyrir andlátið. Auk þess er sjóðstjórn heimilt að verða við skriflegri ósk sjóðfélaga um sams konar makalífeyrisrétt til systkinis eða sambýlings sem annast heimili sjóðfélagans, enda þótt viðkomandi sé ekki sjóðfélagi. Er þetta í samræmi við gildandi ákvæði.

Loks er bætt við ákvæði um að réttur til makalífeyris falli niður gangi eftirlifandi maki í hjúskap að nýju. Rétturinn raknar þó við aftur ef hjúskapnum lýkur án þess að makinn öðlist lífeyrisrétt. Sambúð sem til er stofnað veldur brottfalli makalífeyrisréttar á sama hátt.

Á það skal bent að með þessum breytingum er ekki ætlað að hrófla við þegar áunnum réttindum samkvæmt gildandi lögum. Er í 26. gr. gert ráð fyrir að slíkur þegar áunninn réttur verði geymdur án framreiknings.

Um 12. gr.

Ákvæðin um rétt til barnalífeyris eru að mestu óbreytt frá ákvæðum gildandi laga. Þó er skotið inn sérstöku ákvæði um skertan barnalífeyri ef árleg stig áætluð samkvæmt 4. mgr. 11. gr. eru færri en 0,5 og ákvæði þess efnis að séu áætluð árleg stig minni en 0,1 falli réttur til barnalífeyris niður. Lokamálsgrein gildandi 12. gr. (sbr. lög nr. 3/1977) verður óþörf vegna sjálfstæðrar aðildar beggja hjóna að sjóðnum og er því gert ráð fyrir að hún falli niður.

Um 13. gr.

Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á 1. mgr.
Breytt er 2. mgr. til samræmis við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 9. og 14. gr.

Um 14. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda samrýmist ekki almennum reglum um lífeyrissjóði, sbr. ákvæði 5. gr. laga um starfskjör launþega nr. 55/1980. Er því lagt til að réttur til endurgreiðslu verði felldur niður. Lækkun lágmarks iðgjaldagreiðslutíma og stigafjölda veldur því að geymd réttindi nýtast fyrrverandi sjóðfélögum í mun fleiri tilvikum en áður, sbr. enn fremur 16. gr., þar sem kveðið er á um heimild til samningagerðar við aðra sjóði um sameiningu réttinda.

Um 15. gr.

Greinin er færð til samræmis við 5. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launþega og flutningur einungis heimilaður til annarra lífeyrissjóða. Lögbinding á vaxtagreiðslum vegna iðgjaldaflutnings er felld niður og yrðu kjör í því sambandi á valdi sjóðstjórnar hverju sinni. Rétt þykir að halda heimild til iðgjaldaflutnings með þessum takmörkunum enda þótt mjög lítið kveði nú að slíkum flutningum milli sjóða.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að heimildin í síðasta málslíð 2. mgr. taki til systkinis bónda í stað þess að takmarkast við systur. Vegna breytinga á 11. gr. breytist orðalag 2. mgr. þannig að 1. málslíður styttest, en í staðinn kemur nýr málslíður.

Um 18. gr.

Breyting frítekjumarksins í síðustu mgr. 18. gr. úr $\frac{1}{5}$ í $\frac{1}{4}$ viðmiðunarlauna stafar af breyttum viðmiðunarlaunum, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Um 19. gr.

Grein þessi er óbreytt.

Um 20. gr.

Núgildandi ákvæði 2. málslíðar um atbeina búnaðarfélaganna tók til skráningar réttthafa í upphafi starfsemi sjóðsins og er því felld niður.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. málslíð 3. mgr. 21. gr. núgildandi laga.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um tilkynningar vegna stofnunar og slita hjúskapar og er málsgreinin að mestu samhljóða gildandi ákvæði.

Í 2. mgr. er kveðið á um tilkynningar er verða á óvígðri sambúð og réttindi og skyldur við sjóðinn er henni tengjast.

Ákvæði um skiptingu áunninna stiga að jöfnu milli hjóna við skilnað sem er í 3. mgr. 21. gr. laganna er flutt aftur í 26. gr. frumvarpsins. Það hefur einungis þýðingu vegna stiga sem áunnin verða fyrir gildistöku frumvarps þessa þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að hvort hjóna um sig ávinni sér sjálfstæð réttindi í sjóðnum. Þá er ákvæði um skiptingu ellilífeyris samkvæmt II. kafla laganna flutt í 20. gr.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 22. og 23. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að skylda sjóðstjórnar til að úrskurða lífeyri aftur í tímann verði bundin við tvö ár frá upphafi þess mánaðar sem umsókn barst sjóðnum.

Um 24. gr.

Í greininni felst sú efnisbreyting að í stað heimildar ráðherra til að kveða á um uppbót á lífeyri frá og með árinu 1985 er hér gert ráð fyrir að uppbót sú sem greinin fjallar um verði lögákvæðin til ársloka 1985. Að öðru leyti skírskotast til hinna almennu athugasemda um verðtryggingu lífeyris sjóðsins í framtíðinni.

Um 25. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 25. gr. gildandi laga en gerðar tillögur um orðalagsbreytingar vegna þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á ávöxtun fjár lífeyrissjóða á síðustu árum.

Um 26. gr.

Í þessari grein er safnað saman ýmsum ákvæðum er varða tengsl ákvæða frumvarpsins við núgildandi lög sjóðsins og réttindi áunnin samkvæmt þeim.

Vegna breytingar á gundvallarlaunum sjóðsins er í 1. mgr. kveðið á um umreikning stiga sem áunnin hafa verið fram til ársloka 1983. Eins og greint er frá í almennum athugasemdum styðst hlutfallið $1\frac{1}{3}$ milli eldri stiga og nýrra við reynslu árin 1978—1982.

Samkvæmt 2. mgr. skal stigum áunnum fram til ársloka 1983 skipt við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar með sama hætti og hingað til, sbr. núgildandi ákvæði 1. málslíðar 2. mgr. 21. gr.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 27. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa. Hún er hliðstæð 26. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæðin eru efnislega samhljóða núgildandi lögum, sbr. lög nr. 100/1982 og lög nr. 92/1982. eru lífeyrisfjárhæðir á árinu 1984 hér ákvarðaðar með þeim hætti að þær verða hinar sömu og þær yrðu að óbreyttum lögum. Er þetta sú verðtrygging lífeyris sem komið var á árið 1976, en síðan hafa lífeyrisfjárhæðir samkvæmt II. kafla laganna hækkað misserislega í samræmi við breytingar á launum þeim sem samkvæmt frumvarpinu verða viðmiðunarlaun sjóðsins. Innan ákveðinna marka hefur lífeyrir samkvæmt I. kafla hækkað með sama hætti, en sá hluti hans sem umfram er þau mörk hefur hækkað árlega. Um verðtryggingu lífeyris eftir árslok 1984 skírskotast til almennra athugasemda.